

**FUNDARGERÐ****Fundur Aðalstjórnar Gróttu**

<b>Dags. fundar</b> 13.nóvember 2010	<b>Tími</b> 20:00 – 21:30	<b>Staður</b> Hátíðarsalur Gróttu	<b>Nr. fundar</b> 10.fundur 2010
<b>Fundarboðandi</b> Gunnar Gíslason (GG)	<b>Fundarritari</b> Unnur Halldórsdóttir		<b>Dags.</b> 13.sept 2010
<b>Fundarmenn :</b> Gunnar Gíslason (formaður) - fjarverandi Guðrún Kaldal ( varaformaður) Unnur Halldórsdóttir ( ritari ) Guðjón Norðfjörð (gjaldkeri) Hilmar Sigurðsson (knattspyrnudeild) Björg Fengler (handknattleiksdeild) Ásta Sigvaldadóttir (fimleikadeild) Andri Sigfússon (íþróttafulltrúi) Kristín Finnbogadóttir (framkvæmdastjóri)			

<b>Fundurinn</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Lokið dags.</b>
<p>1. Yfirlit frá deildum</p> <p>2. Fjárhagsáætlanir</p> <p>3. Könnun unglingaráðs</p> <p>4. Íþróttamaður/kona Gróttu 29.des</p> <p>5. Önnur mál</p> <p>a.Forvarnardagr</p> <p>b.Kvartanir vegna afreksstefnu</p> <p>c.A3 prentari</p> <p>d.Heimasíða</p>		
<p>1. Handbolti: Mfl.kk hafa varið af stað undir væntingum. Herrakvöldið heppnaðist vel og stemmingin góð.</p> <p>Fótbolti: Búið er að hækka gjaldskrá knattspyrnudeildar og var það tilkynnt til foreldra. Búið er að semja við alla þjálfara. Enn eiga nokkrir flokkar eftir að halda foreldrafundi og verður farið í það á næstu vikum.</p> <p>Fimleikar: Heilt yfir gengur vel í deildinni. Um helgina var farið til Akureyrar með F1 og F2 með góðum árangri. Dómino fór nýverið á Hm og nú síðast á NEM mót þar sem hún komst í úrslit á öllum áhöldum og var best íslendinga. Foreldrafundum næstum öllum lokið og verður klárað á næstu dögum. Undirbúningur fyrir vetrarsýninguna er hafin og verður hún haldin 27. – 28.nóvember.</p> <p>2. Fjárhagsáætlanir: Búið að skila inn öllum fjárhagsáætlunum. Guðjón, Kristín og Gunnar hittast og fara yfir þær. Umræður um fjárhagsáætlanir.</p> <p>3. Könnun unglingaráðs vegna utanlandsferðar. Niðurstaðan var sú að foreldrar 4.fl.kk og kvk eru mjög fylgjandi því að fara á Partille Cup en ekki var komin niðurstaða í 5.fl. kk og kvk. Umræða um utanlandsferðir yngri flokka. Mikil samstaða er í aðalstjórn um að ekki sé farið með 5.fl og yngra í keppnisferðir erlendis.</p> <p>4. Íþróttamaður/kona Gróttu 29.des. Andri sendir út leiðbeinandi reglur um val á íþróttamanni /konu Gróttu. Athuga með gjafir. Dagsetning hefur verið valin 29.des.2010 Kristín athugar með veitingar. Loka skil á tilnefningum er 1.des.</p> <p>5.a Forvarnardagur.</p>		

Fundurinn	Abyrgð	Lokið dags.
<p>Fundur sem haldin er árlega í Valhúsaskóla, Gróttu sendir íþróttafulltrúann sem ræður við krakkana um forvarnagildi íþróttar.</p> <p>b. Kvartanir vegna afreksstefnu. Umræður um afreksstefnu Gróttu.</p> <p>c. A3 prentari Umræða hvort Gróttu ætti að fjárfesta í A3 prentara.</p> <p>d. Heimasíðan. Andri fór á fund hjá Hugsmiðjunni sem hýsir heimasíðuna. Ekki verður farið í breytingar á heimasíðunni að svo stöddu.</p> <p>e. Fyrirspurn frá fimleikadeild hvernig bæjarstyrknum er útdelt. Engar breytingar verðar gerðar á þessum styrki á þessu fjárhagsári. Málið verður endurskoðað næsta sumar.</p> <p>f. Foreldrar í fimleikadeildinni senda inn fyrirspurn um húsnæðismál fimleikanna. Umræða um það.</p> <p>g. Styrktarþjálfun. Muna að bæta inn yfirsetu vegna styrktarþjálfunar í þjálfarasamninga á næsta ári.</p>		